

Evrópusambandið:

Umdeild tillaga að þjónustutílskipun endurskoðuð?

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hyggst leggja til breytingar á umdeildri tillögu að tilskipun ESB um þjónustustarfsemi. Evrópuþingið hefur haldið uppi harðri gagnrýni á tillögunna, ásamt stjórnvöldum í ýmsum aðildarríkjum Evrópusambandsins, s.s. Frakklandi og Þýskalandi. Þá hefur jafnframt farið fram umræða um tillögunna hér á landi að undanfögnu.

Charlie McCreevy, sem fer með málefni innri markaðarins í framkvæmdastjórn ESB, lýsti því yfir í fyrirspurnatíma í Evrópuþinginu sl. þriðjudag að framkvæmdastjórnin myndi ekki draga til baka tillögu sína þjónustutílskipun. Hins vegar teldi hann að engar líkur væru á því að tillagan yrði samþykkt óbreytt og af þeim sökum myndi framkvæmdastjórnin leggja til breytingar á henni.

Yfirlýsing McCreevey staðfestir fregnir þess efnis að framkvæmdastjórnin hafi fallist á að endurskoða tillögunna til þess að tryggja megi nægilegan stuðning við þjónustutílskipunina.

Helstu breytingar sem líklegt er að framkvæmdastjórnin geri tillögu um eru þessar: Í fyrsta lagi verði kveðið á um það með afdráttarlausum hætti að tilskipunin hafi engin áhrif á réttindi launþega. Þannig hyggst framkvæmdastjórnin koma til móts við þá gagnrýni að tilskipunin stuðli að félagslegum undirboðum. Í öðru lagi verði heilbrigðisþjónusta og önnur opinber þjónusta í almannabágu undanskildar gildissviði tilskipunarinnar. Í þriðja lagi verði leitast við að skýra betur áhrif svonefndrar upprunalsreglu, en tillagan gerði ráð fyrir að framvegis muni þjónustufyrirtæki aðeins þurfa að uppfylla reglur síns heimalands þegar þau bjóða fram þjónustu sína í öðrum ríkjum Evrópusambandsins.

Þá var tillagan einnig til umræðu á fundi ráðherraráðs Evrópusambandsins sl. mánudag.

Ráðherrar ESB-ríkjanna lýstu þar stuðningi við hugmyndir um að tilskipunin myndi ekki gilda um heilbrigðisþjónustu og aðra almenningsþjónustu.

Ekki er þó búist við að breytingartillögur framkvæmdastjórnarinnar verða lagðar fram fyrr en í júní á þessu ári, en þá er gert ráð fyrir að Evrópuþingið ljúki fyrstu umræðu um tillögunna. Yrði breytingartillögu framkvæmdastjórnarinnar ætlað að greiða fyrir því að samstaða verði meðal aðildarríkjanna um að samþykkja slíka allsherjartilskipun um þjónustustarfsemi.

Nokkur umræða hefur farið fram hérlendis um tillögu að þjónustutílskipun. Eins og áður hefur komið fram í Stiklum hefur utanríkisráðuneytið óskað eftir athugasemdum frá innlendum hagsmunasamtökum við efni tillögunnar og má nálgast þær athugasemdir sem þegar hafa borist á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

Ljóst er af þeim athugasemdum sem þegar hafa borist að skoðanir hér á landi eru mjög skiptar um ágæti tillögunnar, sem aftur endurspeglar hversu deildar meiningar eru um tillögunna innan Evrópusambandsins. Þannig eru samtök atvinnurekenda fremur hlynnt tillögunni og leggja áherslu á að tillagan, verði hún samþykkt, muni ryðja úr vegi þeim hindrunum sem enn hamlar því að þjónustufyrirtæki geti stundað viðskipti í öðrum löndum á Evrópska efnahagsvæðinu en heimalandi sínu.

>>

Evrópusambandið:**Ákvörðun um verndaraðgerðir vísað til ráðherraráðs Evrópusambandsins**

Hinn 24. febrúar sl. vísuðu dönsk stjórnvöld þeirri ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, að hefja verndaraðgerðir gegn innflutningi á eldislaxi, til umfjöllunar í ráðherraráði Evrópusambandsins. Ráðið, sem skipað er ráðherrum aðildarríkja ESB, hefur þrjá mánuði til að fjalla um ákvörðunina.

Eins og alkunna er ákvað framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að grípa til verndaraðgerða vegna innflutnings á eldislaxi til Evrópusambandsins í síðastliðnum mánuði. Í ákvörðuninni er mælt fyrir um innflutningskvóta á eldislax til Evrópusambandsins til næstu þriggja ára. Verndaraðgerðir vegna eldislax hafa verið til umfjöllunar innan Evrópusambandsins sl. ár og hafa Stiklur fjallað ítrekað um málið.

Í ágúst 2004 ákvað framkvæmdastjórnin að grípa til tímabundinna verndaraðgerða vegna innflutnings á eldislaxi. Eins og áður hefur komið fram í Stiklum féll sú ákvörðun úr gildi í desember 2004 eftir að dönsk stjórnvöld höfðu vísað henni til ráðherraráðs ESB. Kom þá í ljós að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar naut ekki nægilegs stuðnings. Eigi að síður ákvað framkvæmdastjórn ESB að halda málinu til streitu og hefur að nýju samþykkt ákvörðun um að gripið verði til verndaraðgerða. Gerir framkvæmdastjórnin ráð fyrir að aðgerðirnar gildi til ágúst 2008.

Ekki er ljóst hve mikils fylgis nýjasta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nýtur meðal aðildarríkja ESB. Framkvæmdastjórnin hefur notið stuðnings Breta og hafa bresk stjórnvöld raunar þrýst mjög á framkvæmdastjórnina um að grípa til aðgerða í málinu. Þess má geta að Peter Mandelsohn, fyrrum ráðherra í ríkistjórn Tonys Blair, fer með mál þetta innan framkvæmdastjórnarinnar. Hins vegar hafa dönsk og frönsk stjórnvöld látið í ljós mesta andstöðu við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

Þá hafa Chile og Noregur kært aðgerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), eins og áður hefur komið fram í Stiklum.

Seminar um WTO og landbúnað

Utanríkisráðuneytið mun á næstunni standa fyrir nokkrum stuttum kynningarfundum um Doha lotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og helstu málefni sem þar eru til umfjöllunar. Samningalotan er nú í fullum gangi og er markmið ríkja að ná saman fyrir ráðherrafund stofnunarinnar í Hong Kong í desember.

Fyrsta seminarið fer fram **miðvikudaginn 30. mars n.k. kl. 13-15 í utanríkisráðuneytinu** og mun það fjalla um stöðu samninga um landbúnað, (markaðsaðgang og styrkjakerfi) og hugsanleg áhrif niðurstöðu samninganna á Íslandi.

Guðmundur B. Helgason, ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins og Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtakanna verða með erindi og síðan gefst tími fyrir spurningar og umræður.